

Matsviðmið eru sett fram fyrir allar námsgreinar og námssvið við lok 4., 7. Og 10. Bekkjar og eru þau lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Skólum ber að setja matsviðmið fyrir námsgreinar og námssvið annara árganga og gera grein fyrir þeim í skólanámsskrá. Við lok 10.bekkjar í samfélagsgreinum á nemandi að geta:

B

Nemandi getur túlkað og hagnýtt upplýsingar um samfélagsmálefni á margvíslegu formi og myndað sér skoðanir. Útskýrt og beitt hugtökum samfélagsgreina og á skipulegan og fjölbreyttan hátt, fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhornum. Tekið virkan og jákvæðan þátt í gagnrýninni samræðu og lýðræðislegu samstarfi. Á sjálfstæðan hátt greint og fjallað um áhrif margvíslegra þátta á mótun sjálfsmyndar, hugarfars, samskipta og hegðunar. Útskýrt hlutverk siðferðis, trúar og lífsskoðana á líf einstaklinga og greint ólíkar birtingarmyndir þessara þátta og áhrif í samfélögum. Rökrætt stöðu einstaklinga sem þátttakenda í samfélaginu, réttindi, skyldur og getu til aðgerða. Útskýrt gildi mannréttinda og lýðræðis. Fjallað um stjórnkerfið og áhrif þess á líf einstaklinga. Fjallað um sögulega viðburði nær og fjær, orsakasamhengi og áhrif þeirra frá ólíkum sjónarhornum. Borið saman ólíka menningarheima út frá aðstæðum og lífi fólks og nýtt í því skyni fjölbreyttar upplýsingar á kortum. Útskýrt áhrif mannkyns á jörðina og þýðingu sjálfbærrar þróunar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.